

Ed.

404. Frumvarp til laga

[237. mál]

um breyting á lögum nr. 18 frá 1959, um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenskra berkla sjúklinga.

Flm.: Oddur Ólafsson, Björn Fr. Björnsson, Geir Gunnarsson,
Jón Árm. Héðinsson.

1. gr.

Fyrri másl. a-liðar 1. gr. orðist svo:
Hlutatalan má ekki fara fram úr 75 000.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Árið 1949 samþykkti Alþingi lög um Vöruhappdrætti SÍBS. Síðan hafa tekjur af Vöruhappdrættinu verið grundvöllurinn að hinni viðamiklu starfsemi Sambands ísl. berkla sjúklinga.

Starfsemi Vinnuheimilisins að Reykjalundi er öllum kunn. Það hóf starfsemi sína 1. febrúar 1945. Þá komu þangað 20 berkla sjúklingar til endurhæfingar.

Nú er Reykjalundur aðalendurhæfingarheimili landsins, eini staðurinn í landinu, sem hefur nýtisku aðstæður til starfsendurhæfingar. Vistmenn þar eru nú yfir 150, og stefnt er að því, að þar verði fljótlega 200 rúm fyrir öryrkja, þ. e. tíffalt fleiri en þegar heimilið var opnað.

Á Reykjalundi fá nú endurhæfingu sjúklingar, sem eru fatlaðir af ýmsum orsökum, bæði líkamlegum og geðrænum. Þetta fólk þarfnast bæði læknisfræðilegrar endurhæfingar og starfsendurhæfingar.

Vegna vaxandi endurhæfingarþarfar í landinu er mikil nauðsyn, að Samband ísl. berkla sjúklinga geti hagnýtt sér aðaltekjustofn sinn. Til þess að svo megi verða, þarf nú að fjölga hlutamiðum í happdrættinu úr 65 000 í 75 000.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt ósk stjórnar Sambands ísl. berkla sjúklinga.